

Ed. **197. Frumvarp til laga** [131. mál]
um breyting á vegalögum nr. 23 16. apríl 1970, sbr. lög nr. 98 28. desember 1970.
(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972.)

1. gr.

85. gr. laganna orðist þannig:
Greiða skal sérstakt innflutningsgjald af benzíni, og skal gjaldið nema kr. 9.87 af hverjum lítra. Gjald þetta tekur einnig til benzínbirgða, sem til eru í landinu, þá er lög þessi öðlast gildi, sbr. þó 92. gr.

2. gr.

86. gr. laganna orðist þannig:
Greiða skal sérstakt innflutningsgjald af hjólbörðum, notuðum og nýjum, og gúmmislöngum á bifreiðar og bifhjól, og skal gjaldið nema kr. 45.00 af hverju kg. Gjald þetta tekur einnig til hjólbarða og gúmmislangna, sem fylgja bifreiðum, sem fluttar eru til landsins.

3. gr.

- 87. gr. laganna orðist þannig:**
Árlega skal greiða þungaskatt sem hér segir:
- a. Af bifreiðum, sem nota benzín að eldsneyti, kr. 108.00 af hverjum 100 kg af eigin þunga þeirra.
 - b. Af bifreiðum, sem nota annað eldsneyti en benzín:
Fyrir bifreiðar allt að 2000 kg að eigin þunga greiðast kr. 27 500.00.
Fyrir bifreiðar, 2001 kg og þyngri, greiðast kr. 27 500.00 og auk þess kr. 950.00 fyrir hver full 100 kg umfram 2000 kg.
Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð, að ökumælar skuli á kostnað eigenda settir í bifreiðar, sem nota annað eldsneyti en benzín og eru 5 tonn eða meira að eigin þyngd, og að greiða skuli fyrir slíkar bifreiðar í stað árlegs þungaskatts sérstakt gjald fyrir hvern ekinn kílómetra samkvæmt ökumæli. Gjald þetta má vera lægra fyrir fólksflutningabifreiðar en aðrar bifreiðar.
Í reglugerð getur ráðherra ákveðið allt að fjóra gjalddaga árlega fyrir þungaskatt og fyrir kílómetragjald, svo og kveðið á um tegundir mæla, ísetningu þeirra, viðgerðir, viðurlög og refsingar fyrir brot gegn reglugerðinni.

Ráðherra er enn fremur heimilt að ákveða, að þungaskattur, sem greiða skal fyrir hvern ekinn kílómetra, skuli endurgreiddur að vissu marki, fyrir tímabilið frá 1. nóvember til 30. apríl, ef um er að ræða sérleyfisbifreiðar til mannflutninga, sem ekið er samkvæmt áætlun í leiðabók, enda fari meðalsætanýting á þessu tímabili ekki fram úr 20 af hundraði.

- c. Af bifhjólum kr. 450.00.
 - d. Ráðherra er heimilt að ákveða í reglugerð, að öikumælar skuli settir á kostnað eigenda í festi- og tengivagna, sem eru 500 kg að eigin þyngd eða meira. Á sama hátt er ráðherra heimilt að ákveða, að tiltekinn þungaskatt skuli greiða fyrir hvern kílómetra, sem þessum festi- og tengivögnum er ekið, kveða á um gerð og frágang mæla, viðgerðir þeirra og eftirlit, gjalddaga og innheimtu þungaskatts og viðurlög við brotum. Þungaskatt af festi- og tengivögnum má ákveða hærri en þungaskatt af bifreiðum.
 - e. Ráðherra er heimilt að ákveða, að endurgreiða skuli allt að 15% þungaskatts samkvæmt öikumæli, sem til fellur umfram 30 000 km akstur á ári og að 45 000 km, en 25% umfram 45 000 km akstur á ári.
- Verði ágreiningur um gerð bifreiðar, sker fjármálaráðherra úr.

4. gr.

Eigendur jeppabifreiða eiga rétt á endurgreiðslu á helmingi skatts samkv. a- eða b-liðum 87. gr., ef þeir sanna með vottorðum frá hlutaðeigandi skattstjóra eða umboðsmanni hans, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð, er fjármálaráðherra setur, að bifreiðarnar hafi verið notaðar næstliðið ár að mestu eða öllu leyti við framleiðslu og jarðyrkjjustörf.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1973.

Þegar lög þessi hafa öðlazzt gildi, skal fella meginmál þeirra, svo og meginmál laga nr. 98 28. desember 1970, um breytingu á vegalögum nr. 23 16. apríl 1970, inn í vegalög nr. 23 16. apríl 1970, og gefa þau út svo breytt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er stefnt að því að auka fjármagn til framkvæmda vegáætlunar og draga úr lántökuþörf vegna vegaf framkvæmda. Vísast um síðarnefnda atriðið til athugasemda við frumvarp til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1973, sem nú liggur fyrir Alþingi.

Lagt er til að innflutningsgjald af benzíni hækki um kr. 2.00 á lítra, en gúmmígjald og þungaskattur hækki í sama hlutfalli að undanskildum þungaskatti af benzínbílum, sem verður óbreyttur.

1. Innflutningsgjald af benzíni.

Innflutningsgjald hækkar úr 7.87 í 9.87 kr. pr. lítra. Skv. vegáætlun eru tekjur af innflutningsgjaldi 1973 áætlaðar af 90.2 m. ltr., en sú áætlun er nú lækkuð í 88.6 m. ltr., þar sem áætluð sala 1972 varð 1.4 m. ltr. undir áætlun.

Þar sem endurgreiðslur eru vegna ársins á undan, kemur hækkun á þeim ekki fram fyrr en 1974.

2. Þungaskattur.

Almennur þungaskattur af diesalbifreiðum er nú 22 000 kr. á ári fyrir bifreiðar að eigin þunga 0—2 tonn og að viðbættum 750 kr. pr. 100 kg fyrir diesalbifreiðar að 5 tonnum. Með hlutfallslegri hækkun miðað við innflutnings-

gjald verður hækkunin annars vegar í kr. 27 500 og hins vegar í 950 kr. pr. 100 kg umfram 2 tonn.

Þungaskattur af dieselbifreiðum yfir 5 t að eigin þunga, sem innheimtur er með km-gjaldi, hækkar einnig hlutfallslega.

Áætlaðar tekjur af þungaskatti 1973 eru skv. vegáætlun 223.1 m.kr. Má gera ráð fyrir, að um 50% af þeirri upphæð sé vegna km-gjalds.

Km-gjald er því áætlað 111.6 m.kr. án hækkunar. Innheimta á fyrsta ársfjórðungi 1973, sem er vegna aksturs á 4. ársfjórðungi 1972, er áætluð 22.3 m.kr. Hækkun km-gjalds kemur því aðeins á 89.3 m.kr. 1973 og verður um 22.7 m.kr.

Af alm. þungaskattinum, sem áætlaður er 111.5 m.kr. 1973, er um 44.3 m.kr. vegna þungaskatts benzínbifreiða, þannig að hækkunin kemur á 67.2 m.kr. og verður því 17.1 m.kr.

Þar sem endurgreiðslur eru vegna ársins á undan, kemur hækkun á þeim ekki fram fyrr en 1974. Heildarhækkun af þungaskatti verður því árið 1973 um 39.8 m.kr.

3. Gúmmígjald.

Gúmmígjald er nú 36.00 kr. á kg, en verður 45.00 kr. á kg.

Skv. vegáætlun er reiknað með, að tekjur af gúmmígjaldi 1973 verði 50.0 m.kr. Hækkunin myndi því gefa af sér 12.1 m.kr. það ár.

Eftir hækkun skv. frv. þessu yrðu tekjustofnar vegasjóðs þessir 1973—1975:

	Upphæðir í m.kr.		
	1973	1974	1975
Innflutningsgjald af benzíni	846.7	930.7	989.0
Þungaskattur dieselbifreiða	218.6	231.1	238.0
Þungaskattur benzínbifreiða	44.3	47.2	50.3
Gúmmígjald	62.1	66.3	70.1
Tekjur brúttó	1 171.7	1 275.3	1 247.4
Endurgreitt af innfl.gjaldi	21.2	26.6	26.6
Endurgreitt af þungaskatti	2.0	3.2	3.2
Tekjur nettó	1 148.5	1 245.5	1 317.6
Tekjur nettó skv. vegáætlun '72—'75	944.5	998.9	1 055.4
Hækkun	204.0	246.6	262.2

Skýringar við einstakar greinar.

Um 1., 2. og 3. gr.

Auk breytinga á 85., 86. og 87. gr. vegalaga, sem gerð er grein fyrir hér að framan, eru breytingar á 87. gr., sem ætlað er að treysta lagagrundvöll þess, að þungaskattur, sem reiknast eftir fjölda ekinna kílómetra, geti verið lægri, eftir því sem eigin þyngd flutningatækis er hlutfallslega meiri af leyfilegum heildarþunga flutningatækis og öfugt. Þar sem þungaskattur fer eftir eigin þyngd, en ekki heildarþyngd eins og t. d. í Noregi, þykir rétt að draga úr óréttlæti, sem af því getur skapast, að leyfilegur farmþungi flutningatækis er að öðru jöfnu meiri, eftir því sem eigin þyngd þess er minni og öfugt. Á þetta sérstaklega um fólksflutningabifreiðar, 5 tn og meira að eigin þunga.

Í greininni er m. a. það nýmæli, að heimilað er að ákveða, að þungaskatt skuli greiða af festi- og tengivögnum. Notkun slíkra flutningatækja hefur farið mjög í vöxt á síðustu árum.

Til samræmis við að þungaskatt skuli greiða til vegakerfisins af bifreiðum, þykir rétt að opna heimild til þess að ákveða, að sambærilegar reglur gildi um festi-

og tengivagna, enda mun síður en svo stafa minna vegaviðhald af notkun þeirra en annarra landflutningatækja.

Þá er í grein þessari heimilað að ákveða, að gjalddagar þungaskatts af dieselbifreiðum megi vera allt að fjórir á ári í stað þriggja. Með lögum nr. 98/1970 varð m. a. sú breyting á 87. gr. laga nr. 23/1970, að gjalddögum þungaskatts samkvæmt ökumæli var fækkað úr fjórum í þrjá. Þykir rétt að færa þessa heimild í upprunalegt horf, enda gerir reglugerð um innheimtu bifreiðargjalda nr. 94/1970, 5. gr., ráð fyrir fjórum gjalddögum.

Heimild í greininni til magnafsláttar af þungaskatti er staðfesting á þegar tíðkuðu fyrirkomulagi, sbr. auglýsingu nr. 47/1971.

Í fskj. er sýndur útreikningur á þungaskatti samkvæmt ökumæli, eins og hann verður eftir frumvarpi þessu.

Um 4. gr.

Samkvæmt þessari grein er dregið úr heimildum til undanþágu og endurgreiðslu þungaskatts. Verður ekki séð, að vegasjóður eigi samkvæmt tilgangi sínum að styðja fjárhagslega þá starfsemi, sem til grundvallar þessum undanþágum og endurgreiðslum hefur legið. Vagnar á spori munu engir vera til. Diplomatar njóta þeirra réttinda samkvæmt exterritorialrétti, sem þeim eru nú veitt með 88. gr. vegalaga.

Um 5. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Km-gjald dieselbifreiða yfir 5 tonn.

A. Fólksflutningsbifreiðar.

Eigin þyngd bifreiðar	Gjald fyrir hvern ekinn km að 30 000 km	Afsl. 15% Gjald fyrir hvern ekinn km yfir 30 000 km að 45 000 km	Afsl. 25% Gjald fyrir hvern ekinn km yfir 45 000 km
5.0— 5.99	kr. 1.40	kr. 1.20	kr. 1.05
6.0— 6.99	— 1.65	— 1.40	— 1.25
7.0— 7.99	— 1.85	— 1.55	— 1.40
8.0— 8.99	— 2.10	— 1.80	— 1.60
9.0— 9.99	— 2.30	— 1.95	— 1.75
10.0—10.99	— 2.55	— 2.15	— 1.90
11.0—11.99	— 2.75	— 2.35	— 2.05

B. Aðrar bifreiðar en fólksflutningsbifreiðar.

Eigin þyngd bifreiðar	Gjald fyrir hvern ekinn km að 30 000 km	Afsl. 15% Gjald fyrir hvern ekinn km yfir 30 000 km að 45 000 km	Afsl. 25% Gjald fyrir hvern ekinn km yfir 45 000 km
5.0— 5.99	kr. 2.05	kr. 1.75	kr. 1.55
6.0— 6.99	— 2.35	— 2.00	— 1.75
7.0— 7.99	— 2.65	— 2.25	— 2.00
8.0— 8.99	— 3.00	— 2.55	— 2.25
9.0— 9.99	— 3.30	— 2.80	— 2.50
10.0—10.99	— 3.60	— 3.05	— 2.70
11.0—11.99	— 3.95	— 3.35	— 2.95